

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps, samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Sauðholt 2, L193421, skilgreining tveggja frístundalóða, Slot og Hof.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til Sauðholts 2, L193421. Í deiliskipulaginu felst skilgreining tveggja frístundalóða í landi Sauðholts 2. Á hvorri lóð er heimilt að byggja sumarhús, gestahús og geymslu/áhaldaús. Aðkoma að lóðunum er um nýjan slóða af heimreið að Sauðholti 2. Gert er ráð fyrir að lóðirnar fái staðvísana Slot og Hof.

Samþykkt í sveitarstjórn 16. apríl 2025.

Deiliskipulag, Lindarbær 2, L176386, íbúðarhús, gestahús og skemma/útihús.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til Lindarbæjar 2, L176386. Jörðin hefur verið í eyði um árabíl og engar byggingar eru á henni. Markmið eigenda jarðarinnar er að byggja íbúðarhús, útihús og gestahús, vera með fasta búsetu og nýta jörðina. Í deiliskipulaginu felst að heimilt er að byggja upp til fastrar búsetu, vera með landbúnaðarstarfsemi og mannvirki fyrir minniháttar ferðaþjónustu. Deiliskipulagið nær yfir 1 ha af jörðinni.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. maí 2025.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. júní 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 18. júní 2025